

drykkjurútur og lánleysisgarmur skulu vera dauð og ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 1. júnímanaðar.

Nr. 19/1908:

Réttvísinn

gegn

Dagbjarti Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 23. jan. þ. á. var hinn ákærði, Dagbjartur bóndi Einarsson í Gröf á Rauðasandi, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hans í héraði, Ólafs verzlunarstjóra Jóhannessonar, 5 krónur. En þessum dómi hefir af háltu réttvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að þriðjudagskvöldið 16. júlí f. á. var hann einn staddur í verbúð þeirri, er hann svaf í í Kollsvík og tók úr buddu undan sængurhorni í rúmi búðareiganda, er honum hafði sagt verið að hann ætti þar geymda, 6 krónur í peningum, 5 króna

bankaseðil og 1 krónu í silfri, og leyndi peningum þessum og hagnýtti sér þá. Í buddunni voru auk þessara 6 króna 40 kr. í bankaseðlum, en þær lét ákærði óhreyfðar. Eigandi hinna stolnu peninga hefir lyst því yfir, að hann krefðist ekki iðgjalda í málinu.

Ákærði er fæddur 2. jan. 1866 og er þannig kominn langt yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir aldrei áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, og ber að heimfæra brot hans, er hann nú hefir orðið uppvis að, undir 230. gr. alm hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnaðinn samþykkjast og verður því dómurinn staðfestur með greindri breyting á refsingunni. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héræði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Dagbjartur Einarsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukarétt-dómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gislasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.